

Áfallaáætlun

Á síðustu misserum hefur áfallahjálp aukist verulega á Íslandi og annast hana sérhæft starfsfólk sem gott er að leita til. Verði barnið þitt fyrir miklu áfalli/ missi er nauðsynlegt að tilkynna það í skólann eins fljótt og kostur er, þótt leitað sé utan hans eftir aðstoð. Við umönnun barns í sorg eiga öll samskipti að vera opin og heiðarleg.

Í áfallateymi skólans eru skólastjóri, kennari, skólaliði og hjúkrunarfræðingur. Með teyminu starfa hlutaðeigandi umsjónarkennari. Áfallateymi getur leitað aðstoðar hjá prest, lögreglu, skólalækni, námsráðgjafa, sálfræðingi eða geðlækni.

Skilgreining á áföllum í skóla

Nemandi, starfsmaður, forráðamenn eða systkini nemandu geta orðið fyrir alvarlegu áfalli. Slík áföll geta verið af völdum dauðsfalla, slysa, alvarlegra og/eða langvarandi veikinda, líkamsárása, náttúruhamfara, skilnaðar foreldra, kynferðislegrar misnotkunar, eineltis og annarra þátta sem samkvæmt mati áfallateymis veldur áfalli hjá nemanda.

Starfshættir áfallateymis

Áfallateymi er ávallt til staðar og reiðubúið að veita hjálpu þegar válegir atburðir snerta einhvern eða einhverja innan skólans. Áfallateymi starfar í algjörum trúnaði við skjólstaðinga sína og lætur ekki neinar upplýsingar frá sér nema í fullu samráði við viðkomandi aðila.

Hlutverk áfallateymis

- Að sjá um að nemendur skólans fái viðeigandi aðstoð ef þeir verða fyrir áfalli.
- Að vera til staðar og reiðubúið að veita hjálpu þegar einhver af kennurum eða öðru starfsfólki verður fyrir áfalli.
- Að bera aðgerðir skólans undir viðkomandi foreldra/starfsmann til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans.

Fyrstu viðbrögð vegna áfalls

Upplýsingar um áföll berist til skólastjóra eða staðgengils hans. Skólastjóri fái staðfestingu á áfalli hjá viðkomandi eða aðstandendum. Skólastjóri leitar leyfis hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið í skólanum. Skólastjóri kallar áfallateymi

saman, hugsanlega í samráði við aðstoðarfólk, ákveður fyrstu aðgerðir skólans og heldur fundi á næstu dögum svo oft sem þurfa þykir.

Aðgerðir

- Ákveða verkaskiptingu, sjá um að almenn tilkynning berist til starfsfólks þegar það á við og fara yfir það hvernig skólinn hyggst taka á málum.
- Segja nemendum skólans frá atburðinum þegar það á við.
- Boða starfsfólk skólans til fundar í lok skóladags þar sem könnuð er líðan starfsfólks og rætt um aðgerðir skólans næstu daga.
- Athuga hvort málið snertir nemendur í fleiri en einum bekk.
- Að hafa samband við aðstoðarfólk ef með þarf.
- Að vinna með nemanda og/eða bekk eins lengi og þörf er á.
- Að ákveða hver sinnir eftirfylgd.
- Undirbúa endurkomu nemanda í skólann eftir missi eða áfall.
- Ræða atburðinn í bekkjum eða minni hópum og gefa þeim kost á að vinna með tilfinningar sínar .
- Að bjóða upp á einstaklingsviðtöl.
- Að gæta þess að álagið verði ekki of mikið á starfsfólk skólans.